



Borgarráð

### **Til kynningar vegna hönnunar Miklubrautar í stökk**

Vegagerðin vinnur að undirbúningi útboðs á frumdrögum Miklubrautar í stökk og er hann á lokastigi. Við undirbúning útfærslunnar hefur vaknað áhugi fyrir að skoða jarðgöng til samamburðar sem gætu þegar upp er staðið verið góður kostur, ekki síst vegna áhrifa á aðliggjandi byggð og samgöngur á framkvæmdatíma og kostnað við veitukerfi. Frumdrögin myndu ná til beggja kosta og samamburði á þeim. Stökkurinn næði frá Kringlusvæðinu að svæði Landspítala við Hringbraut. Jarðgöngin sem á að skoða yrðu lengri eða allt að Grensásvegi og með rampa upp á Miklubraut bæði austan og vestan Kringlumýrarbrautar. Stökkurinn yrði bara með rampa upp vestan Kringlumýrarbrautar enda endar stökkurinn milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar.

Nánar tiltekið er um að ræða hönnun á tveimur valkostum, annars vegar um 1,5 km steiptum stökki skv. gildandi aðalskipulagi og hins vegar 2,5 km jarðgöngum frá Snorrabraut og austur fyrir gatnamót Miklubrautar – Grensásvegar. Báðir valkostir fela í sér tilfærslu fjögurra akreina bílaumferðar á Miklubraut þannig að þær verði undir yfirborði og undir núverandi gatnamótum. Á yfirborði yrði Borgarlína, göngu og hjólastígar og gata til að þjóna nærlægum hverfum en ekki gegnumstreymisumferð. Greina á milli þessara tveggja valkosta með tilliti til m.a. byggingarkostnaðar, byggingarhæfi, umferðarrýmdar og þjóðhagfræðilegrar greiningar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Miklabraut í stökk – Frumdrög. Frá Betri samgöngum, ódags.

# Miklabraut í stökk – Frumdrög – útboðslýsing (í vinnslu)

Nesbraut (49-03\_04), Miklabraut í stökk, Snorrabraut – Grensásvegur. Frumdrög

- Vegagerðin, óskar eftir tilboði í vinnu við frumdrög á breytingum á Nesbraut (Miklubraut) frá Snorrabraut í vestri og austur fyrir Kringlu.
  - Um er að ræða hönnun á tveimur valkostum, annars vegar um **1,5 km steiptum stokki** skv. gildandi aðalskipulagi og hins vegar **2,5 km jarðgöngum** frá Snorrabraut og austur fyrir gatnamót Miklubrautar – Grensásvegur.
  - Báðir valkostir fela í sér tilfærslu fjögurra akreina bílaumferðar á Miklubraut þannig að þær verði undir yfirborði og undir núverandi gatnamótum.
- Greina á milli þessara tveggja valkosta með tilliti til m.a. byggingarkostnaðar, byggingarhæfi, umferðarrýmdar og þjóðhagfræðilegrar greiningar.

